

fréttir

Sum fyrirtæki greiða allt að 20% „mætingabónus“ til starfsfólks:

„HEILSUFARIÐ SNARLAGAST HJÁ FÓLKINU“

— segir Helgi Vilhjálmsson, iðnrekandi í Hafnarfirði

■ „Þessi svokallaði „mætingabónus“ hefur verið hér hjá okkur í mörg ár og ég held að hann tíðkast hjá ýmsum fyrirtækjum. A.m.k. lærði ég þetta af öðrum, enda eru allir að reyna að finna einhver ráð til að bjarga sér varðandi lélegar mætingar í vinnu. Það vita allir að þessi algengu eins dags veikindi – oft á mánuðögum – eru tóm uppgerð,“ sagði Helgi Vilhjálmsson, iðnrekandi í Hafnarfirði. En Tíminn hafði frétt af þessum „mætingabónus“ greiðslum hjá honum og fleiri fyrirtækjum, sem borga fólki allt upp í 20% kaupauka fyrir að

mæta á réttum tíma í vinnu. Ekki er þrátt fyrir allt ætlast til að fólk sé alfullkomið, þar sem því lífst að tilkynna um einn veikindadag og auk þess að mæta einu sinni of seint í hverjum mánuði án þess að missa rétt sinn til greiðslu á „mætingabónusnum“. „Já, heilsufarið hefur snarlagast hjá fólkinu. Þetta hefur komið þannig út að það mætir alla daga nema að um raunveruleg veikindi sé að ræða. Enda er það töluverð uppbót að fá yfir 1.400 krónum meira í laun á hverjum mánuði (um 20% eftir árs starf eða meir) bara

með því að mæta til þeirrar vinnu sem fólk er ráðið til, ekki síst í ljósi þess að fólk er kannski að fara í verkföll til að ná sér í 3% kauphækkun. Já, það er engin spurning að þetta borgar sig fyrir báða aðila. Einstaka nýbyrjaðir hafa ætlað að halda sömu vitleysunni áfram, en eru venjulega fljóttir að sjá að sér þegar mismunurinn í launaumslögnum kemur í ljós um mánaðamót.“ Og Helgi hefur tekið upp fleiri nýmæli í sínu fyrirtæki. „Hér vinnum við bara 4 daga

vinnuviku, þ.e. frá 8.00 á morgnana til 18.30 á kvöldin, en föstudagurinn er alger frídagur sem fólk hefur til að útrétta. Áður þurfti fólk sífellt að vera að fá frí úr vinnu, því allar stofnanir sem fólk þarf að leita til eru lokaðar eftir kl. 16.00 til 17.00 á daginn. Nú eru slík frí alveg úr sögunni. Auðvitað fékk ég á mig í byrjun að ég væri að svindla á fólkinu, en það kann þessu vel og vill ekki skipta aftur. Og þessu verður aldrei breytt aftur meðan ég á þetta fyrirtæki,“ sagði Helgi.

— HEI



Stjórn Blaðamannafélags Íslands: Þakkar Friðjóni góða samvinnu

— „Oft skort á við svipaðar aðstæður, að blaða- og fréttamönnum væri gert kleift að gegna skyldum sínum“

■ Stjórn Blaðamannafélags Íslands óskar að koma á framfæri þökkum og stuðningi við Friðjón Guðröðarson, sýslumann og lögreglustjóra á Höfn í Hornafirði, vegna góðrar samvinnu hans við starfsmenn fjölmiðla er fylgdust með hörmungarátburðinum í Órafum fyrr í þessum mánuði. Stjórnin er þess fullviss, að hún talar fyrir munn meginþorra íslenskra atvinnublaðamanna er hún lýsir yfir stuðningi við starfsaðferðir sýslumanns gagnvart fjölmiðlum og við miðlun upplýsinga til landsmanna af þeim atburðum er þarna áttu sér stað, – atburður er öll þjóðin fylgdist með af óhug. Það var skylda fjölmiðla þessa daga, sem endranær, að gefa sem gleggstar upplýsingar af framgangi málsins. Oft hefur mjög skort á við svipaðar aðstæður, að blaða- og fréttamönnum væri gert kleift að gegna þeim skyldum sínum. Friðjón Guðröðarson sýslumaður á þakkir skildar fyrir að veita dygga aðstoð við það.

Samþykkt á stjórnarfundi 26. ágúst 1982

— HEI

„Meinilla við að kalla þetta „mætingabónus“

— „Viðurkenning á því að fólk geti ekki mætt á réttum tíma til vinnu nema gegn sérstakri umbun“, segir formaður Iðju

■ „Mér er meinilla við að kalla þetta „mætingabónus“, því það er hreinlega viðurkenning á því að fólk getur ekki mætt á réttum tíma í sína vinnu nema gegn einhverri sérstakri umbun. Við gerum samninga fyrir fólk þar sem það er ma. skuldbundið til að mæta í vinnu á réttum tíma. Geri fólk það ekki er fólk að brjóta samningana, en atvinnurekandi á ekki að þurfa að borga því

sérstaklega fyrir að halda þá,“ sagði Bjarni Jakobsson, formaður Iðju félags verksmiðjufólks, er Tíminn spurði hvort verkalýðsfélögin fari kannski að taka „mætingabónus“ inn í samninga. Bjarni kvaðst vita að menn væru í vandræðum með hvað starfsfólk mætir illa og einnig sagði hann vitað að mikið væri um tilkynnta veikindadaga. „Þetta á við almennt í þjóðfélaginu.“ Ekki

kvað hann sér kunnugt um nema tvö fyrirtæki sem greiði þennan svokallaða mætingabónus, en af hvorugu þeirra fyrirtækja hafði Tíminn haft spurnir af. Enda þurfa atvinnurekendur að sjálf-sögu ekki að semja um það við verkalýðsfélag hvort þeir borga starfsfólki sínu launauppbætur. „Hins vegar hef ég heldur aldrei getað

fengið það út hvernig þetta orð „mætingabónus“ er til komið. „Bónus“ þýðir einfaldlega „tímamæld ákvæðisvinna“. Þarna hlýtur því að vera um að ræða tímamælingu á því hve fólk er fljótt að mæta á réttum tíma í sína vinnu. Mér finnst þetta því tóm endemis vitleysa,“ sagði Bjarni.

— HEI



■ Móðir Basilia, ein af stofndum Maríusystrengunnar.

Maríusystur á Íslandi

■ Tvær Maríusystur frá Noregi, sem tilheyra kirkjudeild mótmælenda, munu dvelja hér á landi dagana 1.-13. september n.k.

Systrasamfélag þetta, Maríusystur, á rætur sínar að rekja til vakningar í Biblíuhópum á meðal unglinga á tímum loftárásanna á Darmstadt í Vestur-Þýskalandi árið 1944, þegar fjöldi fólks lét lífið.

Maríusystur reka m.a. eigin prentsmíðju og bókaútgáfu, og einnig hafa þær verið með eigin útvarpsdagskrár, þar sem kristlegar bækur eru sjaldséðar. Viðtæk ferðalög einkenna starfsemi systranna. Þær heimsækja söfnuði og kirkjur, sem óska eftir samkomum, helgarsamverum, kyrndardögum með Biblíutímum, þar sem sýndar eru skuggamyndir, og kvikmyndir sem boða fagnaðarerindið.

Maríusysturnar Phanuela og Juliana munu heimsækja mörg kristileg félög og söfnuði hér á landi. Einnig verða helgarsamverur á Löngumýri 3.-5. september, og í Skálholti 10.-12. september, þar sem þær munu uppörva trúaða.

— SVJ



■ Í gær opnaði danski sendiherrann á Íslandi, J.A.W. Paludan, stóra postulínssýningu á Kjarvalsstöðum. Það er danska fyrirtækið Bing & Gröndahl sem sýnir sjaldgæfa postulínsmuni, m.a. með sérstökum tengslum við Ísland, sérninn listaverk eftir nútíma listamenn, verðmætt safn platta og merka muni, sem nú eru í framleiðslu, m.a. eftir íslenska listamanninn Rúnu.

Forseti Íslands var viðstaddur opnunina, og skoðaði sýninguna í fylgd danska sendiherrans. Að því loknu var Vigdís Finnbogadóttur færð að gjöf vegleg stytta af móður með tvö börn sín á brjósti. Myndirnar sem hér fylgja með voru teknar við athöfnina.

Tímamyndir: G.E.

